

313. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 12. ÁGÚST 2020 KL 9:30
haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Viðbrögð kirkjunnar í kjölfar Covid-19 faraldursins
- 3) Breyting á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009
- 4) Samtal um kirkjuþing og fyrirliggjandi mál
- 5) Málefni Skálholts
- 6) Málefni Hólastaðar og Guðbrandsstofnunar
- 7) Landnýtingarstefna þjóðkirkjunnar
- 8) Samtal um heimsmarkmiðin
- 9) Fjármál og fasteignir
 - a) Kirkjumiðstöðin Vestmannsvatni
 - b) Erindi Löngumýrarnefndar
 - c) Erindi Prestafélags Íslands
- 10) Önnur mál
 - a) Erindi samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra
 - b) Erindi sóknarnefndar Hofskirkju

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:50 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárlið 3, 4 og 5. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, kirkjuþingsmaður og formaður framtíðarnefndar kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárlið 4. Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti sat fundinn undir dagskrárlið 5. Arnór Skúlason, verkefnisstjóri á fasteignasviði sat fundinn undir dagskrárlið 5. Einar Karl Haraldsson og Magnea Sverrisdóttur sátu fund undir dagskrárlið 8.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. VIÐBRÖGÐ KIRKJUNNAR Í KJÖLFAR COVID-19 FARALDURSINS

Kirkjuráð ræddi um breytta starfshætti og ólíkar þarfir í samfélaginu vegna covid-19 faraldursins.

3. BREYTING Á STARFSREGLUM UM ÞINGSKÖP KIRKJUÞINGS NR. 949/2009

Lagðar voru fram tillögur að breytingum á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.

Kirkjuráð og forseti kirkjuþings samþykktu fyrirbyggjandi tillögur.
Breyttar starfsreglur verða birtar á vef þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is.

4. SAMTAL UM KIRKJUÞING OG FYRIRLIGGJANDI MÁL

Rætt var um kirkjuþing sem fyrirhugað er 10. september næstkomandi og stöðu þingmála.

5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

Fyrirhugaður fundur kirkjuráðs í Skálholti í maímánuði síðastliðnum féll niður vegna Covid-19 faraldursins. Kynnt var staða helstu mála í Skálholti, framkvæmdir, menningarlíf og annað.

Rætt var um hvort kirkjuráð myndi samþykkja nýtingu á hluta áður samþykkrar fjárheimildar til viðgerðar á þaki Skálholtsdómkirkju, til lagfæringar á kjallara móttökuhússins (gamla vígslubiskupshúsinu). Rýmið er fyrirhugað fyrir bókasafnið í Skálholti, sem nú er varðveitt í kirkjuturninum.

□ Kirkjuráð staðfesti fyrri ákvörðun um ráðstöfun fjár til viðhalds á Skálholtsdómkirkju. Jafnframt samþykkti kirkjuráð að framkvæmdastjóri kæmi frágangi á bókum, grisjun og skráningu í farveg en að því loknu skyldi bókunum pakkað til geymslu og varðveislu þar til verðugt húsnæði er tilbúið fyrir bókasafn í Skálholti.

6. MÁLEFNI HÓLASTAÐAR OG GUÐBRANDSSTOFNUNAR

Lagt var fram minnisblað séra Solveigar Láru Guðmundsdóttur, vígslubiskups á Hólum.

7. LANDNÝTINGARSTEFNA ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Sr. Axel Árnason Njarðvík, kirkjuráðsmaður, kynnti drög að breytingum á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar og að fella landnýtingarstefnu þar inn í. Jafnframt kynnti hann drög að verkefnaáætlun að umhirðu jarða þjóðkirkjunnar og hugmyndir umhverfishóps í því samhengi.

□ Kirkjuráð samþykkti að fylgja málinu eftir á kirkjuþingi, sem framundan er og leggja fram tillögu á kirkjuþinginu um myndun starfshóps til að útbúa heildstæða eignastefnu þjóðkirkjunnar.

8. SAMTAL UM HEIMSMARKMIÐIN

Einar Karl Haraldsson og Magnea Sverrisdóttir ræddu tímabil sköpunarverksins, sem biskup setti á dagskrá þjóðkirkjunnar fyrir nokkrum árum, en það tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem rædd voru um leið undir þessum lið.

Um leið var gerð grein fyrir undirbúningi *Tímabils sköpunarverksins 2020*, samstarfi þjóðkirkjunnar (Grænu kirkjunnar) við landgræðslufólk, umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna um heimsráðstefnuna „*Faith for nature – Multifaith Action for the Sustainable Goals of the UN*“ en henni verður stjórnað úr Skálholti 5.-8. október næstkomandi.

Kirkjuráð þakkar góða kynningu og gott starf.

9. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Kirkjumiðstöðin Vestmannsvatni

Kirkjuráð ræddi um stöðu Kirkjumiðstöðvarinnar á Vestmannsvatni og fund fulltrúa kirkjuráðs með stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar 29. júní sl..

□ Kirkjuráð samþykkti að hefja ferli við skil landsins til landeiganda. Kirkjuráð vill jafnframt stuðla að því að aðgengi verði tryggt að staðnum til námskeiðshalds eða kirkjulegrar starfsemi til framtíðar.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjuráðsmönnum Stefáni Magnússyni og séra Örnunni Grétarsdóttur að vinna málið áfram ásamt framkvæmdastjóra.

b) Erindi Löngumýrarnefndar

Lagt var fram erindi Löngumýrarnefndar, dagsett 16. júní 2020.

- Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til umfjöllunar næsta fjárhagsárs.

c) Erindi Prestafélags Íslands

Lagt var fram erindi Prestafélags Íslands, dags. 10. ágúst 2020.

- Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Biskupsstofu að skoða málið betur og funda með fulltrúum stjórnar PÍ.

10. ÖNNUR MÁL

a) Erindi samtaka sveitafélaga á Norðurlandi eystra

Lögð var fram kynning Samtaka sveitafélaga á Norðurlandi eystra vegna erindis sem kirkjuráð fjallaði um á 272. fundi sínum og snýr að aðgengi ferðamanna að Stapa við Skeggjastaði í Bakkaflóa.

- Kirkjuráð samþykkti að veita kynningunni jákvæða umsögn.

b) Erindi sóknarnefndar Hofskirkju

Lagt fram erindi sóknarnefndar Hofskirkju, dags. 10. ágúst 2020.

- Kirkjuráð samþykkti erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:55.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 3. september nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir